

## Gravity Maze

Völundarhúsið er knúíð af þyngdaraflinu og mun reyna á sjónskynjun þína og rökhugsun. Hægt er að raða gegnsæju turnunum á ýmsan hátt sem veitir sjónræna örvun en í hverri þraut þarftu að hugsa vandlega til að búa til leið fyrir kúluna þína að markinu. Þú getur valið úr sextíu þrautum á mismunandi erfiðleikastigi sem gefa þér nógan tíma til að byggja og hugsa á skapandi hátt á meðan þú skipuleggur völundarhúsið í huganum þegar þú ert orðinn sérfræðingur í öllum þrautum, getur þú skemmt þér við að búa til eigin völundarhús og þrautir.

### Innihald:

- Leikborð, reitaskipt (með holu til að geyma kúlu)
- Marmarakúlur x 2 (1 til að leika og 2 til vara)
- Þrautaspjöld x 60 (Mismunandi erfiðleikastig, innihalda lausnir)
- Byggingarturnar x 9 (5-einingaturn, 4-einingaturn, 3-einingaturn, 2-einingaturn, 1-einingaturn)
- Markturn x 1

### Markmið:

Í hverri þraut er farið eftir myndinni á þrautaspjaldinu sem sýnd er undir „ADD TO GRID“ til að byggja turn sem leiðir kúluna úr byrjunarstöðu í markturninn.

### Undirbúningur:

1. Veldu þrautaspjald.
2. Raðaðu turnunum á leikborðið eins og spjaldið sýnir. Nákvæm staðsetning og afstaða hvers turns er gefin upp. Gættu þess að þú raðir turnunum rétt með því að nota punktamerkingarnar meðfram brúnunum til leiðbeiningar.
3. Stundum er turnstafli á byrjunarturnsreitnum. Ysti reiturinn ber alltaf turninn sem lagður er næst brúninni og innsti reiturinn ber turninn fjærst frá brúninni. Sem dæmi, ef eru reitirnir frá þeim ysta að þeim innstra: fjólublár, appelsínugulur, grár. Þá er turnunum staflað þannig að fjólublár sé á botninum, síðan appelsínugulur og grár efst.
4. Veldu turninn undir orðunum „ADD TO GRID“ til að nota í þrautinni. Turn er ekki notaður nema hann sé sýndur á spjaldinu.
5. Leggðu eina kúluna í holuna til að halda henni á brún leikborðsins.

### Gangur leiksins:

1. Raðaðu turnunum sem sýndir eru undir „ADD TO GRID“ til að byggja marmaravölundarhúsið.

ATH: Þú verður að fylgja byggingarreglunum hér að neðan.

2. Nákvæm staðsetning og afstaða turnanna undir „ADD TO GRID“ verða ekki gefin. Hins vegar færðu að vita hvort turninn eigi að vera lóðréttur eða láréttur. Lóðréttir turnar eru sýndir með stuttu grænu merki. Láréttir turnar eru sýndir með löngu grænu merki.

- Þegar þú hefur sett upp völundarhúsið á réttan hátt, og lætur kúluna detta í byrjunarstöðuna og fylgist með henni rúlla.
- Ef kúlar endar í markturninum SIGRAR ÞÚ!

#### Byggingarreglur:

- Turnarnir sem sýndir eru á borði á þrautaspjaldinu verða að vera á sama stað og ekki má snúa þeim eða færa á annan reit.
- Turnarnir þurfa að tengjast með smellukrögum.
- Stafla má turnum en aldrei fleirum en þremur saman.
- Ekki má stafla turnum ofan á byrjunarturninn eða markturninn.
- Turn má ekki hanga yfir byrjunarturninum eða markturninum.
- Ekki má stafla tveimur láréttum turnum ofan á hvern annan þar sem það er enginn smellukragi til að halda þeim saman.
- Minnst tveir stuðningsturnar verða að halda uppi hverjum láréttum turni sem hangir fyrir ofan borðið.
- Láréttir turnar mega aldrei hanga út fyrir brún leikborðsins.
- Marmarakúla má aldrei detta niður um nema eina einingu í einu.
- Kúla má ekki detta á lokaðan flöt.
- Kúla má aldrei fara lárétt (hvorki yfir flöt eða fyrir horn) yfir fleiri en eina einingu áður en hún rúllar niður ramp eða nær endaturninum. Hún mun missa skriðið.

#### Ef þú festist:

Skoðaðu bakhlið þrautaspjaldsins þar sem finna má lausnina. Fylgdu punktamerkingunum til að fullvissa þig um að turnarnir séu á réttum stað og snúi rétt. Neðst á spjaldinu sést leiðin sem kúlan á að fara frá byrjunarturninum í endaturninn. Ath: Við sumum þrautum eru fleiri en ein lausn.

#### Búðu til eigin þrautir:

Eitt af því sniðuga við Gravity Maze er að þú getur leikið þér með það og búið til byggingar eftir eigin höfði. Þegar þú ert að byggja, skaltu ekki vanmeta eigin getu – prófaðu að hann nokkrar þrautir!

#### Um hönnuðinn:

Oli Morris: uppfinningamaður og módelismiður á daginn, spilasjúklingur og þrautakóngur á kvöldin! Til að sinna ástríðu sinni, fer Oli sjaldan úr hellinum sínum – þ.e.a.s. höfuðstöðvum Fuse London Ltd. Hann fær innblástur þegar hann tekur eitthvað flott í sundur og reynir að púsla því aftur saman og með þrívíddarprentunartilraunum. Slíkur lífsstíll leiðir gjarnan til subbuskaps og fjalla af óhreinum þvotti en stundum verða niðurstöðurnar til þess að heilabrot eins og Gravity Maze verða til. Fuse London Ltd er rótgróið uppfinningafyrirtæki með leyfi fyrir yfir 100 uppfinningum um allan heim.

Þróun þrauta: Wei-Hwa Huang, Tyler Sommer, Oliver Morris og Tanya Thompson.